



**VEIÐIMÁLASTJÓRI**  
Directorate of Freshwater Fisheries

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1521  
komudagur 25.4.2005  
Vagnhöfði 7  
110 Reykjavík, Iceland  
Sími: 567 6400 • Bréfsími: 567 8850  
Netfang: veiðimalastjori@veiðimalastjori.is

Landbúnaðarnefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík

22. apríl 2005

**Landbúnaðarstofnun og breytingar á ýmsum lögum  
700. og 701. mál**

Í bréfi dagsettu 13. apríl er leitað umsagnar vegna frumvarps varðandi stofnun Landbúnaðarstofnunar (700. mál) og breytingar á ýmsum lögum tengdum þeirri aðgerð (701. mál).

Almennar athugasemdir

Sameining stjórnáslustofnana innan landbúnaðar í eina stofnun hefur verið í umræðu í nokkur ár, fyrst undir formerkjum Búnaðarstofu en síðar sem Landbúnaðarstofnun. Slík sameining getur verið jákvæð, ef hún er gerð undir þeim formerkjum að allar þær stofnanir, sem í hlut eiga, njóti jafnræðis í faglegu og fjárhagslegu tilliti eftir að sameiningin er um garð gengin. Þar þarf að gæta þess, að öllum þeim verkefnum, sem unnin voru innan veggja þeirra stofnana, sem sameinaðar eru, verði áfram sinnt og til þess fáið fjármagn. Þar sem útfærslan virðist oftast vera fólgin í því að sameina fjárlagaliði einstakra stofnana í einn fjárlagalið, hafa ráðuneyti og fjárlaganefnd litla möguleika á því að beina fjármunum til einstakra verkefna innan vébanda þeirra undirsviða, sem starfa innan hinnar sameinuðu stofnunar, sem verður að telja galla á hinu nýja fyrirkomulagi. Því hefði verið mun betra að sameina umræddar stofnanir inn í stjórnáslusetur, þar sem hver stofnun hefði ákveðið faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði en hægt væri að nýta samlegðaráhrif af sameiginlegu húsnæði t.d. símavörslu.

Upprunalegar tillögur að stofnun Landbúnaðarstofnunar gerðu ráð fyrir því að hér yrði um regnhlífarstofnun að ræða með nokkrar skrifstofur, sem samsvöruðu þeim stofnunum, sem sameinaðar voru. Ráðinn yrði forstjóri með breiða þekkingu á landbúnaðarmálum og væntanlega á rekstri slíks fyrirtækis. Síðari tillögur, sem nú eru orðnar að frumvarpi, bera frekar keim af því að verið sé að innlima nokkrar undirstofnanir innan landbúnaðargeirans inn í embætti Yfirdýralæknis, þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir því að “forstjóri skuli vera menntaður dýralæknir með æðri prófgráðu á því sviði” og “skuli hafa stjórnunarreyfslu”. Þessu getur fylgt nokkur hætta bæði í faglegu og fjárhagslegu tilliti fyrir aðrar skrifstofur (fagsvið) innan Landbúnaðarstofnunar. Ekki er ólíklegt að mest áhersla verði lögð á verkefni á sviði dýrasjúkdóma og sjúkdómavarna og til þess verði varið mestum fjármunum, sem getur þýtt fjársveldi hjá öðrum skrifstofum (fagsviðum), sem háðar eru opinberum fjármunum til að sinna lögbundinni stjórnáslu. Eins og fram kemur í umsögn fjárlagaskrifstofu hefur verið verulegur uppsafnaður rekstrarhalli á embætti Yfirdýralæknis, sem gæti hugsanlega orðið viðvarandi miðað við mikla aukningu í umsvifum á því sviði og takmarkaðar fjárveitingar. Hættan fyrir aðrar skrifstofur inna sömu stofnunar er því augljós.

Ekki hafa komið fram fullnægjandi skýringar á því, af hverju talið er að æðsti yfirmaður umræddrar stofnunar þurfi að vera dýralæknir. Sennilega hafa menn talið að vegið væri að sjálfstæði Yfirdýralæknis og valdi t.d. vegna vottunar og í erlendum samskiptum, ef hann lyti stjórn annars forstjóra. Á sama hátt ber þá að hafa í huga mikilvægi þess sjálfstæðis, sem aðrir forstöðumenn hafa notið í faglegu og fjárhagslegu tilliti og nálægðar þeirra við grasrótina, sem gæti glatast.

Embætti veiðimálastjóra starfar nú sem sjálfstæður og óháður stjórnsýsluaðili og eru ákvarðanir embættisins kærarlegar til landbúnaðarráðherra. Helstu verkefni tengjast félagsmálum veiðifélaga, umhverfismálum við ár (fiskvegir og malarnám), veiðieftirlit og eftirlit með eldisstöðvum, útgáfa rekstrarleyfa vegna eldis á laxfiskum og erlend samskipti vegna veiða og verndunar á laxfiskum. Alþingi hefur ítrekað veitt sérstakar fjárveitingar til einstakra verkefna hjá embættinu einkum varðandi eftirlitsmál og þannig tryggt að hægt væri að sinna lögboðnum verkefnum sómasamlega.

Ef frumvarpið verður að lögum má segja að embætti yfirdýralæknis haldi sínu sjálfstæði, þótt verið sé að leggja stöðu Yfirdýralæknis niður samkvæmt 5. grein laganna ásamt stöðum annarra embættismanna innan landbúnaðar. Samfara því verður yfirdýralæknir (forstjóri) æðsti yfirmaður málaflokks veiðimála, sem á að mörgu leyti lítið sameiginlegt með málefnum dýrasjúkdóma, ef frá eru taldir fisksjúkdómar. Einnig hefur sýnt sig að upp getur komið ágreiningur milli þeirra, sem vilja vernda náttúrulega laxastofna, og þeirra sem framfylgja ákvæðum Evrópubandalagsins varðandi innflutning, sem kallar á að veiðimál laxfiska séu a.m.k. ekki á forræði þeirra, sem fara með stjórnsýslu varðandi innflutningmál eldisfiska.

Einnig er hætt við því að sú lagabreyting, sem breytir nöfnum flestra stjórnsýsluaðila, sem starfa t.d. í tengslum við fiskeldi innan landbúnaðar í “Landbúnaðarstofnun”, valdi því að fyrrgreind stofnun sé orðin umsagnaraðili til sjálfs sín t.d. varðandi rekstrarleyfi eins og dæmi er um í 1. mgr. 62. greinar laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum. Gildi slíkra umsagna og fyrirkomulag í lagatexta þarf því að skoða sérstaklega.

Þótt embætti Yfirdýralæknis verði óhjákvæmilega mjög sterkt afl innan hinnar nýju stofnunar í krafti stærðar sinnar, þarf að gæta þess að aðrir málaflokkar njóti þar jafnræðis. Til að tryggja það væri eðlilegt að skilgreina mun betur í frumvarpinu þau fagsvið, sem hver undirskrifstofa á að sinna og tryggja eins og kostur er að svo valdamikill forstjóri sé tiltölulega hlutlaus gagnvart sínum undirsviðum og sé ekki fulltrúi fyrir neitt þeirra. Best hefði verið að tryggja hverju undirsviði sem mest sjálfstæðan fjárhag til að viðhalda þeim drifkrafti og sjálfstæði, sem hingað til hefur tíðkast. Annars er hætta á að ýmis verkefni verði drepin í dróma.

### Um einstaka greinar frumvarpsins

#### **3. gr.**

Gera þarf viðeigandi breytingar á 3. grein, sem tryggi eins og kostur er faglegt hlutleysi forstjóra gagnvart sínum undirskrifstofum.

#### **4. gr.**

Vegna upplýsingaskyldu stjórnvalda er eðlilegt að tilgreina með beinum hætti í lögnum í almennum orðum hvaða verkefnum stofnunin sinnir og hvernig verkaskipting er milli deilda. Ekki er fullnægjandi fyrir hagsmunaaðila og almenning að slíkt komi fram í lagaskýringum. Einnig er mjög mikilvægt að forstöðumenn og starfsmenn deilda hafi mjög greinargóðar upplýsingar um sitt starfssvið og annarra til að forðast það að verkefni lendi hjá röngum aðila innan stofnunarinnar og verði jafnvel ekki sinnt. Jafnframt verði lögð áhersla á að hver skrifstofa verði undirliður með sérstaka fjárveitingu í fjárlagalið Landbúnaðarstofnunar. Því er lagt til að eftirfarandi bætist inn í 4. gr. (hugsanlega ekki tæmandi):

*Stofnuninni er skipt í eftirfarandi 4 skrifstofur (svið) eftir viðfangsefnum:*

1. Öryggi matvæla og dýrasjúkdómar
2. veiði- fiskeldis- og umhverfismál/ferskvatnsfiska
3. Eftirlit með aðföngum
4. Gæðaeftirlit, kjötmat og ýmis stjórnsýsluverkefni vegna hefðbundins landbúnaðar.

*Sundurliða skal fjárveitingu til hvernar skrifstofu undir liðnum almennur rekstur Landbúnaðarstofnunar á fjárlögum. Skrifstofustjóri skal vera yfir hverri skrifstofu, sem hefur háskólamenntun og sérþekkingu á viðkomandi sviði.... Etc.*

Ekki eru gerðar aðrar athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins.

Að því er varðar 701. mál eru gerðar athugasemdir við 3. mgr. 33. greinar, sem verði svohljóðandi :

**33. gr.**

*Í henni eiga sæti tveir fulltrúar Landbúnaðarstofnunar, skal annar þeirra vera skrifstofustjóri veiðimála en hinn forstjóri hennar og hann er jafnframt formaður nefndarinnar.....etc*

Hér er gert ráð fyrir gildistöku frumvarpsins varðandi stöðu Yfirdýralæknis sem forstjóra stofnunarinnar. Hinsvegar er eðlilegt að tilgreina einnig skrifstofustjóra veiðimálaskrifstofu sem þáttakanda, þar sem veiðimálastjóri hefur verið í fisksjúkdómanefnd.

Ekki er séð fyrir því að breyta nafni “dýralæknis fisksjúkdóma” í “Landbúnaðarstofnun” í lögum um lax- og silungsveiði en þar kemur sá embættismaður nokkrum sinni fyrir sem umsagnar- og jafnvel framkvæmdaaðili. Skýrara væri ef titillinn fengi að halda sér en “dýralæknir fisksjúkdóma” er starfsmaður yfirdýralæknis og verður því starfsmaður “Landbúnaðarstofnunar” eftir gildistöku laganna.

Ekki eru gerðar fleiri athugasemdir við ofangreind frumvörp.

Virðingarfyllt



Árni Ísaksson, veiðimálastjóri